



Viðtakandi: Menningar- og íþróttaráð

Sendandi: Menningar- og íþróttasvið

Reykjavík, 12. júní 2025

MIR25050035

SVAR VIÐ FYRIRSPURN

Svar við fyrirspurn um afnotagjöld

Á fundi menningar- og íþróttaráðs 23. maí 2025 var lögð fram eftirfarandi fyrirspurn fulltrúa Sjálfstæðisflokksins:

Borgarfulltrúar Sjálfstæðisflokksins óska eftir upplýsingum um fyrirkomulag samráðs milli menningar- og íþróttasviðs annarsvegar og umhverfis- og skipulagsviðs hinsvegar vegna álagningar afnotagjalds fyrir viðburði á sviði menningar eða íþróttar í borginni. Hvernig fer það mat fram sem skipar viðburðum í mismunandi gjaldflokka og hvaða hlutlægu viðmið eru notuð?

Greinargerð

Á skömmum tíma hafa tveir viðburðir sem haldnir hafa verið í Reykjavík svo árum skiptir, verið verðlagðir út úr borginni af umhverfis- og skipulagssviði hennar. Annars vegar er um að ræða Miðbæjarreið Landssambands hestamanna sem aflýst var fyrir viku. Hins vegar bárust fréttir af því að hið árlega og vinsæla „Color-Run“-hlaup verði flutt í Kópavog í sumar. Þær skýringar hafa verið gefnar af viðburðahöldurum að þar hafi ráðið ósanngjarnt og hátt afnotaleyfi Reykjavíkurborgar. Það skýtur skökku við að á sama tíma og menningar- og íþróttaráð leitast eftir fremsta megni við að fjölga viðburðum í borginni og styrkja þá jafnvel fjárhagslega, verði slík gjaldtaka annars sviðs Reykjavíkurborgar til þess að hrekja viðburði úr borginni með kröfum um slíkt gjald.

Svar:

Það er umhverfis- og skipulagsráð – skrifstofa stjórnsýslu og gæða sem fer með umsjón með afnotaleyfum af borgarlandi Reykjavíkurborgar

Á fundi menningar-, íþróttar- og tómstundaráðs 27. september 2024 var lögð fram gjaldskrá afnotaleyfa af borgarlandi Reykjavíkurborgar. Á fundinum bókðu fulltrúar menningar-, íþróttar- og tómstundaráðs eftirfarandi:

Ráðinu hafa borist ábendingar frá íþróttahreyfingunni um að ný gjaldskrá afnotaleyfa sé talsvert íþyngjandi, sérstaklega þegar kemur að almenningsíþróttum. Í ríkjandi íþróttastefnu borgarinnar er markmið um að "efla



Reykjavík



Þátttöku almennings í íþróttum með bættri útivistar- og almenningsaðstöðu og auknu framboði". Ljóst er að há gjöld vegna afnota á borgarlandi, t.d. vegna almenningshlaupa geta í einhverju tilfellum unnið gegn þessu markmiði. Við beinum því til umhverfis- og skipulagssviðs að taka þetta til greina, t.d. dæmis með því að skoða sérstaka gjaldskrárflokka vegna almenningsviðburða sem ekki eru skipulagðir í ágóðaskyni.

Þessi bókun og svörum var komið á viðkomandi deild hjá USK og fylgt eftir. Í kjölfarið var gjaldflokkum fjölgað. Menningar- og íþróttasvið mun taka upp viðræður við USK til að fara yfir hvernig háttað er mati á þeim viðburðum sem sótt er um og hvaða hlutlægu viðmið eru notuð til ákvarðana um gjaldflokka.

<https://reykjavik.is/gjaldskrar/afnotaleyfi>

Virðingarfyllst,

Steinþór Einarsson

Sviðsstjóri

Menningar- og íþróttasvið



Reykjavík